

SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. P 137/502
komudagur 2.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. júlí 2009

Umsögn um frumvarp til laga um hvali

Vísað er til bréfs Alþingis dagsett 26. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi um frumvarp til laga um hvali 112. mál heildarlög.

Almennt álit:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælastofnun annist „eftirlit með því að vinnsla á hval og hámarksnýting hans sé í samræmi við reglugerð þar um.”

Meginathugasemd Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi snýr að þessari setningu frumvarpsins.

Miðað við fyrirkomulag opinbers eftirlits og skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga ætti eftirlit með hvalskurðinum að vera á hendi sveitarfélagana. Bent er á að hvalir eru spendýr og þó þeir teljast til nytjastofna sjávar eru þeir hvorki fiskar né fiskafurðir. Matvælastofnun hefur eftirlit með fisk- og fiskafurðum en heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga með öðru kjöti. Þó svo að Matvælastofnun hafi einnig eftirlit með sláturhúsum og sláturdýrum er á það bent að slátrun fer ekki fram á hvalsstöðinni heldur er um að ræða kjötskurð og kjötvinnslu. Þar sem um kjötskurð á spendýrum er að ræða á eftirlitið heima hjá sveitarfélögunum miðað við þann laga- og reglugerðarramma sem opinbert eftirlit starfar í.

Rétt er að benda á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur hvort heldur sem er bæði mengunar- og umhverfiseftirlit með hvalstöðinni í Hvalfirði auk kjötvinnslu vegna hvalkjöts á Akranesi. Með því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annist einnig eftirlit með vinnslu á hval og nýtingu hans er ennfremur verið að einfalda eftirlit og draga úr skörun. Er slíkt í samræmi við stefnu stjórnvalda um „Einfaldara Ísland“.

Greinilegt er með greinargerð með frumvarpinu að Fiskistofa eigi að hafa eftirlit með hvalveiðunum sjálfum. Hins vegar vantar skýrara lagaákvæði um það í frumvarpinu sjálfu. Ekki er gerð athugasemd við það enda snýr athugasemd SHÍ að eftirliti í landi, þ.e. kjötvinnslunni.

Umsagnir um einstakar greinar

Gerð er athugasemd við 3. grein frumvarpsins um fyrirkomulag eftirlits í landi sbr. ofanefnt.

Grein 8 fjallar um útgáfu leyfa sem er í höndum Fiskistofu og þar greint frá kröfum sem gerðar eru til hvalveiðiskipa. Nauðsynlegt er að útvega Fiskistofu í lögunum nægileg tæki í lögunum til að geta fylgt umsókn eftir með eftirliti. Á greinargerð að dæma má ætlað að þessi tæki séu í öðrum lögum og er þá nauðsynlegt að vísa til þeirra.




SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Í 11. grein er fjallað um gjald vegna hvalveiða og hvalveiðigjald. Eðlilegra er að fjallað sé um gjaldtöku í sérstakri reglugerð. Þá er unnt að breyta reglugerð með minni fyrirhöfn en að breyta lögum er taka þarf inn nýjar forsendur vegna gjaldtökkunnar.

Í 12. grein kemur fram að Fiskistofa geti svipt skip leyfi til hvalveiða en hvergi í lögum kemur beinum orðum fram að hún fari með eftirlit með hvalveiðum. Ef það kemur fram í öðrum lögum væri rétt að vísa til þeirra. Greinilegt er í greinargerð um þessa grein að Fiskistofu er falið að hafa eftirlitið.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Narfason,
ritari SHÍ